



Starfskjarastefna

1. Markmið

Starfskjarastefnu LSR er ætlað að styðja við traustan rekstur og markmið sjóðsins um ábyrga starfshætti og vönduð vinnubrögð þar sem fagmennska er höfð að leiðarljósi. Starfskjarastefnan skal samræmast langtímahagsmunum sjóðfélaga og styðja við áherslur sjóðsins á sjálfbærni.

Það er stefna sjóðsins að vera ekki leiðandi í launaþróun á sínu sviði en bjóða stjórnarmönnum og starfsmönnum upp á samkeppnishæf laun sem eru sambærileg við það sem gengur og gerist í starfsumhverfi hans og í samræmi við ábyrgð og umsvif lífeyrissjóðsins. Starfskjarastefnu þessari er þannig ætlað að styðja við að lífeyrissjóðurinn verði eftirsóknarverður vinnustaður skipaður hæfu starfsfólki.

2. Jafnréttis- og jafnlaunasjónarmið

Gæta skal að viðurkenndum jafnréttis- og jafnlaunasjónarmiðum við ákvörðun launa og starfskjara. Við ákvörðun launa skal þess gætt að launakerfið uppfylli kröfur jafnlaunavottunar, sé gagnsætt og samræmt og ákvarðanir um laun og önnur starfskjör séu teknar með málefnalegum hætti.

3. Afkomutengingar launa

Starfskjör stjórnar og starfsfólks LSR eru hvorki afkomu- né árangurstengd. Gildir það jafnt um fjárhags- og umhverfismarkmið sem sjóðurinn setur sér. Laun þess starfsfólks sem kemur að fjárfestingum sjóðsins eru því ekki árangurstengd að neinu leyti og starfskjör starfsmanna LSR sem framkvæma lánshæfis- og greiðslumat eru ekki heldur háð eða taka mið af fjölda eða hlutfalli samþykktra lánsútsóknna hjá lífeyrissjóðnum, sbr. 6. gr. laga nr. 118/2016.

4. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórn LSR tekur ákvörðun um þóknun stjórnarmanna og gerir grein fyrir þeim á ársfundi sjóðsins. Við ákvörðun þóknunar stjórnarmanna skal m.a. taka tillit til umfangs lífeyrissjóðsins, ábyrgðar og þess hversu miklum tíma stjórnarmenn þurfa að verja til stjórnarstarfa. Við ákvörðun þóknunar skal jafnframt horft til þess sem greitt er fyrir stjórnarstörf í öðrum lífeyrissjóðum.

Lífeyrissjóðurinn greiðir ferðakostnað og dagpeninga vegna starfa stjórnarmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.

5. Starfskjör framkvæmdastjóra

Stjórn ræður framkvæmdastjóra og tekur ákvörðun um laun hans og önnur starfskjör og skulu þau koma fram í ráðningarsamningi sem staðfestur er af stjórn sbr. 1. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Við ákvörðun



launa skal m.a. horft til umfangs lífeyrissjóðsins, ábyrgðar, fyrirliggjandi upplýsinga um starfskjör hjá sambærilegum aðilum og annarra málefnalegra sjónarmiða.

Í ráðningarsamningi skal tiltaka föst laun og önnur starfskjör. Þar skal m.a. kveðið á um greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest.

Við gerð ráðningarsamnings framkvæmdastjóra skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi.

Starfskjör framkvæmdastjóra skal endurskoða svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en einu sinni á hverju tilnefningartímabili stjórnar sem er þrjú ár. Við slíka endurskoðun skal m.a. höfð hliðsjón af frammistöðu og þróun launakjara á markaði.

6. Starfskjör sviðsstjóra og lykilstarfsmanna

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins. Þar á meðal ráðningu sviðsstjóra og lykilstarfsmanna. Við ákvörðun um laun þeirra og önnur starfskjör skal framkvæmdastjóri hafa samráð við formann og varaformann stjórnar sjóðsins.

Við ákvörðun launa og annarra starfskjara lykilstarfsmanna skal m.a. horft eðlis starfs þeirra, menntunar, reynslu, umfangs, ábyrgðar, þeirra sjónarmiða sem sett eru fram í 1.-3. lið hér að framan auk annarra málefnalegra sjónarmiða.

Starfskjör sviðsstjóra og lykilstarfsmanna skal endurskoða svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en einu sinni á hverju tilnefningartímabili stjórnar sem er þrjú ár. Við slíka endurskoðun skal m.a. höfð hliðsjón af frammistöðu og þróun launakjara á markaði.

7. Starfskjör annarra starfsmanna

Framkvæmdastjóri sér um ráðningu annarra starfsmanna og ákvarðar laun þeirra og eftir atvikum önnur starfskjör að höfðu samráði við viðkomandi sviðsstjóra. Við ákvörðun um starfskjör þeirra skal eftir því sem við á gæta sömu sjónarmiða og greind eru hér að framan.

8. Starfsábyrgðartrygging

LSR skal sjá til þess að hverjum tíma sé í gildi starfsábyrgðartrygging fyrir stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra lykilstarfsmenn, bæði núverandi og fyrrverandi, vegna starfa þeirra fyrir lífeyrissjóðinn. Sjóðurinn skal tryggja að þeim sé haldið skaðlausum af kröfum sem á þá kunna að vera gerðar vegna starfa þeirra í þágu sjóðsins að svo miklu leyti sem slík krafa er ekki til komin fyrir saknæma háttsemi eða stórfellt gáleysi.

9. Upplýsingagjöf

Tilgreina skal í ársreikningi sjóðsins launakjör stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og þeirra lykilstarfsmanna sem falla undir ákvæði reglugerðar um ársreikninga lífeyrissjóða.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu sjóðsins.



10. Samþykkt og endurskoðun starfskjarastefnu

Starfskjarastefnan tekur gildi við samþykkt hennar á stjórnarfundum lífeyrissjóðsins. Taka skal stefnuna til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en einu sinni á hverju tilnefningartímabili stjórnar sem er þrjú ár.

31. maí 2023

Stjórn LSR